

---

## Breytingar á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldis í Reyðarfirði, Fjarðabyggð Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 13. október 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Laxar fiskeldi ehf. um fyrirhugaðar breytingar á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldis í Reyðarfirði, Fjarðabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslunnar, Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breytingar á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldis í Reyðarfirði.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

Umhverfisstofnun 26. nóvember 2021, Fiskistofu 3. desember 2021, Hafrannsóknastofnun 16. nóvember 2021, Matvælastofnun 17. nóvember 2021, Vegagerðinni 11. nóvember 2021 og 19. nóvember 2021, Landhelgisgæslunni 11. nóvember 2021 og Fjarðabyggð 15. nóvember 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 15. nóvember 2021, 16. nóvember 2021, 11. mars 2022, 12. maí 2022, 13. maí 2022 og 27. maí 2022.

Við meðferð málsins átti Skipulagsstofnun í frekari samskiptum við Hafrannsóknastofnun, Umhverfisstofnun og Landhelgisgæsluna.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Laxar fiskeldi ehf. stunda laxeldi í sjókvíum í Reyðarfirði. Núgildandi eldisheimildir þeirra eru samtals 16.000 tonn. Laxar fiskeldi áforma nú breytingar á starfs- og rekstrarleyfum félagsins þar sem sameina á tvö rekstrarleyfi og tvö starfsleyfi í eitt starfsleyfi og eitt rekstrarleyfi fyrir allan fjörðinn. Til stendur að fjarlægja innri reiti þeirra eldissvæða sem eru yst í firðinum svo koma megi eldisbúnaði betur fyrir með tilliti til aðstæðna á hverju eldissvæði. Auk þess verður hluti svæða rýmkaður svo eldissvæði rými bæði kvíabúnað og festingar. Samkvæmt framkvæmdaraðila á breyting á eldissvæðum ekki að hafa áhrif á helgunarsvæði stöðvanna, en jaðar sjókvíaeldisstöðva innan þeirra svæða sem um ræðir verður óbreyttur. Eldisáætlanir Laxa gera ráð fyrir að seiði sem að lágmarki vegi 200 g verði sett í sjókvíar. Hins vegar gæti félaginu reynst nauðsynlegt að setja út 60 g seiði ef upp koma óvæntar aðstæður í eldinu og óska eftir slíkri heimild í nýju leyfi. Jafnframt verður nýtingu eldissvæða eftir árgöngum breytt og hvíldartími eldissvæða stytur úr 12 mánuðum í 90 daga.

Ekki stendur til að auka umfang eldisins, en lífmassi verður að hámarki 16.000 tonn sem samræmist áhættumati Hafrannsóknastofnunar og er innan þess 20.000 tonna lífmassa sem burðarþol fjarðarins tilgreinir.



Mynd 1: Svæði Laxa í Reyðarfirði. Heil lína táknar eldissvæði eins og þau eru í núgildandi leyfum. Brotin lína táknar breytingar á eldissvæðum. Lagðar eru til breytingar á Griपालda, Sigmundarhúsi, Bjargi og Vattarnesi.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Ástand sjávar og botndýralíf

Í greinargerð Laxa fiskeldis kemur fram að ástand sjávar í Reyðarfirði sé gott. Rúmmál og dýpi fjarðarins sé kjörið fyrir fiskeldi og ár með náttúrulegum laxastofni séu hvergi nærri. Dýpi sé um 200 m utarlega í firðinum. Um miðjan fjörðinn sé dýpið 140-160 m og minnki eftir því sem innar dregur, dýpið þar sé þó allt að 130 m.

Fram kemur í greinargerð Laxa að endurnýjunartími sjávar í firðinum sé hraður, 4-5 vikur. Nýjustu mælingar á næringarefnum í firðinum gefi til kynna að styrkur þeirra sé lágur og kísilstyrkur sé einnig lágur. Súrefnisbúskapur fjarðarins sé því hagstæður þannig að súrefnisnotkun við öndun og niðurbrot lífrænna efna sé hvergi meiri en súrefnismyndun og aðflæði súrefnis. Í firðinum séu tvö sjávarlög, yfirborðslag og botnlag sem nær frá botni og upp undir yfirborðslagið. Niðurstöður mælinga bendi ekki til mikilla áhrifa eldisins á súrefnisstyrk í botnlaginu. Með tilliti til stærðar fjarðarins og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins einkum á botndýralíf hefur Hafrannsóknarstofnun með sínum mælingum á burðarþoli heimilað allt að 20 þúsund tonna lífmassa í Reyðarfirði að hámarki á hverjum tíma. Hámarkslífmassi Laxa í Reyðarfirði er 16.000 tonn sem sé innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnun hefur sett.

Athuganir á ástandi sjávar í firðinum á ýmsum árstímum sýni að vatnssúlan sé nær öll uppblönduð að vetrarlagi. Að sumarlagi myndist heitara og ferskara tiltölulega grunnt yfirborðslag í efstu 20 metrum sjávarins, sem síðan blandist upp þegar kólnar og vindar blása að hausti. Neðan þessa lags og allt niður að botni sé sjórinn frekar einsleitur og nái hitaaukning síðsumars til allrar vatnssúlnunnar, sem bendi til þess að dýpsti hluti fjarðarins sé lítt einangraður frá efri lögum sjávar.



Niðurstöður straummælinga Hafrannsóknarstofnunar hafi gefið til kynna að meðalstraumur á 10 metra dýpi í firðinum sé 2,5-4,0 cm/sek. Straumurinn liggja alls staðar samsíða dýptarlínum. Straumurinn komi inn fjörðinn að norðan og út að sunnan. Meginstraumstefna sjávar um Reyðarfjörð skv. mælingum sem Laxar létu gera sýni að straumar séu sterkir í firðinum.

Síðustu niðurstöður á ástandsvöktun á botndýralífi í undirlagi og nágrenni þriggja sjókvía Laxa skv. vöktunaráætlun sýni að ástand á eldissvæðinu Gripalda sé samanlagt mjög gott. Á eldissvæðinu Sigmundarhús sé ástandið ekki jafn gott og fékk einkunnina gott sem kallaði á virkjun fjarsvæðisvöktunar, það sama má segja með eldissvæðið Bjarg þar sem ástandið sé einnig metið gott. Áhrif eldisins á botnset og botndýralíf sé að þessu sögðu talsvert neikvæð en einnig staðbundin skv. mælingum.

### Hvildartími og vöktun

Í greinargerð Laxa fiskeldis kemur fram að í núgildandi starfsleyfi sé tilgreindur hvíldartími milli eldislota 12 mánuðir. Laxar sækist nú eftir því að tilgreindur hvíldartími starfsleyfis verði í samræmi við 46. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem krafa sé gerð um 90 daga lágmarkshvíld eldissvæða. Laxar óska eftir slíkri breytingu á starfsleyfi svo tryggja megi sveigjanleika í rekstri en í reynd verði hvíld eldissvæðanna lengri en 90 dagar. Styttri hvíldartími feli í sér að eldisfiskur sé að jafnaði í sjó yfir lengra tímabil. Hvíldartími upp á 90 daga eigi aðeins að nota í undantekningartilfellum þegar nauðsynlegt þyki að setja út seiði fyrr en áætlað sé, að því gefnu að botnlag hafi náð fullnægjandi hvíld skv. niðurstöðum vöktunarmælinga.

Í gögnum Laxa kemur fram að til að tryggja nægan hvíldartíma milli eldislota fari vöktun fram skv. vöktunaráætlun, samþykkt af Umhverfisstofnun og sjái Náttúrufræðistofnun Austurlands um vöktunina.

Laxar telja að styttri hvíld eldissvæða í firðinum muni ekki auka verulega lífrænt álag í firðinum eða breyta umtalsvert áhrifum starfseminnar á ástand sjávar m.t.t. áhrifa á botnset, næringarefnaauðgunar eða súrefnisástands sjávar. Með styttingu hvíldar eldissvæða sé gert ráð fyrir að áhrif á botnset og botndýralíf verði áfram talsvert neikvæð en staðbundin, en að þau verði óveruleg þegar horft sé til stærra svæðis.

Hafrannsóknarstofnun bendir á í umsögn sinni að mikilvægt sé að sett verði gæðaviðmið um hvaða ástand botn þarf að ná áður en ný eldislota hefst á eldissvæði og hvíldartími verði aðlagður hverju tilviki. Hingað til hefur áherslan verið á áhrifin á botn eldissvæða milli einstakra eldislota. Bent sé á að langtímabreytingarnar á botndýralíf geti orðið talsverðar ef þauleldi stendur í langan tíma og hvíldartími sé ekki nægur. Reynsla sé komin á eldi í Reyðarfirði og rétt sé að byggja á niðurstöðum úr þeim vöktunum sem þar hafa farið fram til þessa, fyrir þessi tilteknu eldissvæði, ásamt nýrri þekkingu sem til kann að vera.

Hafrannsóknastofnun telur að umfjöllunin í tilkynningunni um vöktunarniðurstöður frá Reyðarfirði sé óljós og misvísandi, ekki sé hægt að draga ályktanir um raunveruleg áhrif eldisins þar sem ekki kemur fram hve mikill lífmassi hafi verið alinn á eldissvæðunum né hversu lengi eldissvæði hefðu verið virk eða í hvíld þegar sýnataka fór fram. Þá séu þau viðmið sem notuð eru í tilkynningunni til að meta áhrif álagsins á lífríki botnsins óljós. Hafrannsóknastofnun telur að stytting hvíldartíma milli eldislota/kynslóða sé líkleg til þess að hafa aukin neikvæð áhrif á botnsset á kvísvæðum. Gera þarf grein fyrir þessum mögulegu umhverfisáhrifum af styttingu hvíldartíma, til lengri og styttri tíma.

Fram kemur í svari Laxa fiskeldis að með þeim vöktunaraðferðum sem Laxar fiskeldi notist við sé ástand botnsets metið með mælingum, skynmati og grófgreiningu hryggleysingja bæði við hámark og eftir hvíld. Aðferðirnar skili fljótum niðurstöðum og viðmiðunarmörk séu skilgreind fyrir ástand botnsets bæði fyrir einstaka sýni og fyrir svæðið í heild. Fjöldi sýna fari eftir hversu mörg tonn séu alin á svæðinu. Viðmið um ásættanlegt álag fjarða sé ekki tilgreint í leiðbeiningum frá



Umhverfisstofnun né í ISO staðlinum sem unnið sé eftir, það sé yfirvalda að ákvarða. Ef niðurstöður úr sýnatöku gefa tilefni til verða sýni tekin í lok hvíldartíma og komi í ljós að of mikið magn sé alið á svæðinu verði gerðar ráðstafanir í samvinnu við yfirvöld og farið verði eftir tilmælum þeirra. Samkvæmt eldisáætlunum á hvíldartími eldissvæða að vera lengri en 90 dagar. Laxar fara þess á leit að hvíldartími skv. leyfi miði við 90 daga lágmark sem grípa mætti til sem varúðarráðstöfun, þó lagt sé upp með lengri hvíldartíma milli eldislota.

### Útsetning seiða og seiðastærð

Í greinargerð Laxa fiskeldis kemur fram að Laxar áætla að breyta útsetningaráætlun sinni sem og stærð seiða til eldis en um sé að ræða kynslóðaskipt sjókvíeldi. Áætlunin sé sett fram með fyrirvara um mögulegar sveiflur eða breytingar í rekstrinum en gert sé ráð fyrir að seiði verði sett út að vori og slátrun standi yfir frá hausti fram á sumar árið eftir. Lífmassapróunin sé breytileg eftir mánuðum og ætti aldrei að fara yfir hámarkslífmassann sem leyfður sé í eldinu upp á 16.000 tonn.

Núgildandi leyfi heimili útsetningu seiða að lágmarki 200 g að þyngd og leggi fyrirtækið upp með að sú seiðastærð verði ennþá notuð í útsetningu. Hins vegar vilji Laxar tryggja sveigjanleika í rekstri og sækja um 60 g lágmarksstærð seiða við útsetningu í rekstrarleyfi svo fyrirtækinu gefist svigrúm til að setja út seiði ef upp koma óvæntar áskoranir, sem gætu krafist þess að seiði verði sett út fyrr en eldisáætlunir gera ráð fyrir. Laxar fiskeldi telja að breyting á lágmarksstærð seiða í eldinu muni ekki hafa í för með sér aukin umhverfisáhrif því breytingin samræmist forsendum áhættumats Hafrannsóknastofnunar. Í uppfærðu áhættumati Hafrannsóknastofnunar skuli lágmarksstærð seiða miðast við möskvastærð og sé það mótvægisáðgerð sem sé til þess fallin að minnka áhættu á erfðablöndun eldislaxa við íslenska laxastofna. Stærðardreifing seiða skuli vera þekkt áður en flutningur fer fram, seiðin skulu aldrei vera minni en 60 g og þau skulu aldrei vera sett í netapoka með stærri möskva en 18 mm legg. Laxar fiskeldi hyggjast fylgja öllum ofangreindum viðmiðum frá Hafrannsóknastofnun.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að þrátt fyrir að búið sé að uppfæra áhættumat erfðablöndunar sé ekki hægt að fullyrða að engar breytingar verði á umhverfisáhrifum við breytingu á lágmarksstærð seiða. Líkur á göngu og endurheimt laxa í veiðiár, þegar um slyssleppingar/snemstrok er um að ræða, sé það minna með aukinni stærð seiða við útsetningu. Meiri líkur séu á að 60 g seiði úr snemmbúnu stroki geti gengið í ár miðað við 200 g seiði. Gera má ráð fyrir að eldistími í sjó sé lengri ef lítill seiði eru sett út í eldiskvíar samanborið við ef stærri seiði væru sett í eldiskvíarnar. Því lengist það tímabil sem seiði/fiskar geta sloppið úr eldiskvíum. Líflíkur smærri seiða sem sleppa að vori séu meiri en líflíkur stærri seiða/fiska sem sleppa. Einnig sé hæfni fiska til að rata af beitarsvæðum betri hjá fiskum sem sleppa smáir miðað við fiska sem sleppa seint á lífsferlinum. Hafrannsóknastofnun tekur ekki undir með framkvæmdaraðila að ekki sé líklegt að aukin umhverfisáhrif hljótist af útsetningu minni seiða. Hafrannsóknastofnun óskaði eftir því frá framkvæmdaraðila að gefa upp hversu hátt hlutfall af smáum seiðum verða sett í kvíar og hversu hátt hlutfall af stærri seiðum. Hafrannsóknarstofnun óskaði einnig eftir frekari útskýringum á þeim áskorunum sem framkvæmdaraðili vísar til eða hvernig útsetning minni seiða sé varúðarráðstöfun miðað við útsetningu stærri seiða/fiska.

Fram kemur í svari Laxa fiskeldi að nota eigi stórseiði við eldið í Reyðarfirði og áætlunir félagsins miði enn við útsetningu seiða við 200 gr. þyngd. Laxar fiskeldi séu einungis að óska eftir rýmri heimildum í leyfinu ef upp koma neyðartilfelli í eldinu. Laxar fiskeldi taka undir það með Hafrannsóknarstofnun að rötun strokuseiða sé talin meiri meðal smáseiða en skv. útreikningum áhættumats Hafrannsóknarstofnunar þá sé hins vegar miðað við lágmarksstærð seiða, 60 gr. og rúmast tilkynnt framkvæmd innan þeirra marka sem áhættumat stofnunarinnar setur. Útsetning seiðanna mun ávallt fara fram í samráði við eftirlitsaðila og Matvælastofnun tilkynnt um stærð seiða við útsetningu.



## Áhrif á villta laxfiska og fiskisjúkdómar

Í greinargerð Laxa fiskeldis segir að fyrirhugaðar breytingar fela ekki í sér aukið umfang eldisins. Þyngd seiða og möskvastærð verði skv. töflu í uppfærðu áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Þar segir einnig að dýralæknir Matvælastofnunar telji að 90 daga hvíld eldissvæða sé nægilega langur tími til þess að varna smithættu af völdum veira og baktería. Sé þetta í samræmi við 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. Á Íslandi sé óþekkt að sjúkdómar hafi borist frá eldisfiski yfir í villta stofna laxfiska og líkur á því séu enn minni í Reyðarfirði en annarsstaðar vegna þess hve langt sé í ár með náttúrulegum laxastofni, þær séu hvergi nærri. Laxalús sé hinsvegar þekkt á Íslandi en á svæðum eins og við Austfirði þar sem sjávarhiti sé lágur, hafi ekki orðið vart við laxalús. Lirfur laxalúsa berist með straumum og fullorðnar lýs séu hreyfanlegar í sjó, því sé ekki útilokað að lýs berist í eldi á Austfjörðum og vöktun og undirbúningur eldisfyrirtækja fyrir slíkum vágesti sé helsta forvörnin. Lágmarka eigi líkur á reki milli eldissvæða með viðeigandi fjarlægðarmörkum þeirra á milli en á eldissvæðum geti skapast góðar aðstæður fyrir fjölgun laxalúsa sem geti valdið alvarlegri sýkingu. Almennt megi gera ráð fyrir að með aukinni framleiðslu laxeldis í Reyðarfirði gæti lýsaálag aukist á einstökum eldissvæðum. Dreifing laxalúsar sé háð straumum, hita og seltu og smitálag hennar hér við land sé líklega mest í lok júlí og byrjun ágúst. Laxalús ætti almennt ekki að hafa náð fullum þroska á þeim tíma þegar seiði villtra laxfiska á Austfjörðum gangi til sjávar. Þau ættu því að eiga í minni hættu á að verða fyrir lýsasmiti. Fiskilús hafi gert vart við sig á Austfjörðum en í mjög litlu magni. Ekki sé talið líklegt að fiskilús muni valda skaða í eldinu.

Matvælastofnun bendir á í umsögn sinni að fyrir útgáfu á breyttu rekstrarleyfi þurfi að endurskoða útsetningaráætlun og endurskoða sjókvíaeldissvæði Reyðarfjarðar vegna smitsjúkdómavarna, þar sem stutt er á milli eldissvæða og ekki sé gætt að straumstefnu.

Fram kemur í svari Laxa fiskeldis að þeir vilji koma til móts við athugasemdina með eftirfarandi breytingum á áformum. Laxar fiskeldi ætli nú að setja út seiði í Gripöldu og Sigmundarhúsi þriðja hvert ár, næst árið 2022. Einnig eigi að setja út seiði þriðja hvert ár á svæðunum Vattarnesi, Rífskeri og Kolmúla, næst árið 2023. Þriðja hvert ár eigi að setja út seiði, engin seiði eiga að vera sett út árið 2024. Útsetningaráætlunin gerir ráð fyrir að svæðin Bjarg og Hafranes séu varasvæði. Með þessu fyrirkomulagi séu um 6 kílómetrar á milli tveggja sjókvíaeldissvæða fjarðarins og þar með sé dregið úr mögulegu smitálagi milli árganga.

## Siglingaleiðir og breytingar á eldissvæðum

Í greinargerð Laxa fiskeldis kemur fram að áform séu um að rýmka nokkur eldissvæði í firðinum og eiga þau að rúmast utan siglingaleiða. Til stendur að fjarlægja innri reiti þeirra eldissvæða sem séu yst í firðinum svo koma megi betur fyrir eldisbúnaði með tilliti til aðstæðna á hverju eldissvæði. Alla jafna sé ekki tilgreindur innri eða ytri reitur eldissvæða í leyfum fiskeldis en sú nálgun hafi verið notuð í utanverðum Reyðarfirði af hálfu Laxa, svo merkja mætti með skýrum hætti hvar eldiskvíarnar yrðu staðsettar miðað við festingar á eldisbúnaði. Til stendur að einfalda þetta í nýju leyfi þar sem aðeins sé tilgreindur ytri reitur allra eldissvæða líkt og venjan sé við leyfisveitingu í fiskeldi.

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að öll eldissvæði í firðinum séu innan hafnarmarka Reyðarfjarðarhafnar. Breytt eldissvæði lendi innan markaðrar siglingaleiðar innan hafnar svæðis. Vegagerðin leggst gegn breytingunni þangað til sýnt verði fram á hvernig hafnarstjórn áætla að breyta núverandi merkingum siglingarleiðar um fjörðinn og áhættumeta m.t.t. legu fastra kvía á siglingaleið, merkingar og stærð og fjölda skipa sem nota fjörðinn. Jafnframt bendir Vegagerðin á að Reyðarfjarðarhöfn er skilgreind sem neyðarhöfn samkvæmt reglugerð nr. 614/2014 og merkingar þurfa að vera fullnægjandi við verstu veðurskilyrði, án manngerðra hindrana.

Í umsögn Landhelgisgæslunnar er einnig bent á að breytt eldissvæði lenda innan afmarkaðra eða öruggra siglingaleiða. Jafnframt er vísað til siglingaferla sem gefi mynd af því hvernig siglingum sé



háttað um fjörðinn. LHG segir að ljóst sé að ef eldissvæðin verði stækkuð til suðurs eða norðurs þá muni þau þrengja verulega að umferð skipa. Það séu bein tengsl milli öruggrar siglingaleiðar, vitageira og siglingaferla. Landhelgisgæslan telur að ekki séu forsendur fyrir frekari stækkun eldissvæðanna út fjörðinn hvort sem þau séu staðsett að norðan- eða sunnanverðu. Einungis sé hægt að heimila stækkun eldissvæðanna meðfram strandlengjunni í vestlægar eða austlægar stefnur.

Í umsögn Sveitarfélagsins Fjarðarbyggðar kemur fram að mikilvægt sé að skýrt verði með hvaða hætti festingar við akkeri muni vera og staðsetning þeirra skapi ekki hættu fyrir núverandi og komandi siglingar um Reyðarfjörð og eldissvæðin. Á Eskifirði er öflugur sjávarútvegur og í Reyðarfirði er ein af stærri umskipunarhöfnum landsins. Greið aðkoma þurfi að vera fyrir stór skip að báðum þessum höfnum. Tryggja verði öryggi siglinga, en hverskonar árekstrar við eldisbúnað hafi í för með sér alvarlegar afleiðingar eins og mengun, sleppingu á fiski auk eyðileggingar á sjóförum og eldisbúnaði.

Fram kemur í svari Laxa fiskeldis að þær breytingar sem áformaðar eru á stærð eldissvæða félagsins í Reyðarfirði séu tilkomnar vegna kröfu eftirlitsaðila um að botnfestingar eldisstöðva í firðinum rúmist innan skilgreindra eldissvæða. Eldisstöðvarnar sem um ræðir hafa verið teknar í notkun og botnfestingar stöðvanna liggja nú þegar á þeim svæðum sem nýlega kynnt eldissvæði afmarka, án þess að áhrifa gæti á siglingar.

Laxar telja að festingarnar hafi ekki áhrif á siglingar um fjörðinn þar sem þær liggja á miklu dýpi og ekki stendur til að gera breytingar á núverandi staðsetningum festinganna eða annars búnaðar, þó breytingar á eldissvæðum verði samþykktar. Engar tilfærslur á búnaði séu áformuð í firðinum og stækkun eldissvæðanna muni ekki leiða til breytinga á legu eða staðsetningu stöðvanna. Staðsetning hverrar eldisstöðvar komi til með að haldast óbreytt og stækkun eldissvæðanna muni þar af leiðandi ekki hafa áhrif á siglingar.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða sameiningu tveggja starfsleyfa og tveggja rekstrarleyfa í eitt starfsleyfi og eitt rekstrarleyfi fyrir 16.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma í laxeldi í sjókvíum í Reyðarfirði. Hvíldartími verður stytur úr 12 mánuðum í 90 daga, innri reitur eldissvæða verður felldur niður, eldissvæði við Sigmundarhús, Gripalda, Bjarg og Vattarnes verða rýmkuð og lágmarksstærð seiða verður minnkuð úr 200g í 60g. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### *Núverandi fyrirkomulag eldis*

Leyfi Laxa fyrir 6.000 tonna framleiðslu á eldissvæðum við Bjarg, Gripalda og Sigmundarhús voru veitt í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 8. júní 2011 um að starfsemin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í tilkynningu Laxa vegna 6.000 tonna eldis að Bjargi, Gripalda og Sigmundarhús eru ekki afmörkuð eiginleg eldissvæði en þar eru gefin upp hnit og sýndar á korti línur sem tákna ystu mörk hvers svæðis ásamt því að kvíar eru merktar inn. Samkvæmt tilkynningunni á allur búnaður að vera staðsettur fyrir innan framangreindar línur. Í tilkynningunni



er jafnframt greint frá lágmarksfjarlægð milli kvíaþyrpinga, flatarmáli búnaðar ofansjávar og flatarmáli kvíþyrpinga með fóðurprömmum og botnfestingum. Þegar kort og loftmyndir með staðsetningu kvía í Reyðarfirði eru skoðuð má sjá að fyrirkomulag eldis á framangreindum eldissvæðum er ekki í samræmi við hina tilkynntu framkvæmd. Eldisbúnaður er að hluta staðsettur fyrir utan línuna sem afmarkar búnað, eldisbúnaður á yfirborði er umfangsmeiri og tekur yfir stærra svæði en gert var ráð fyrir í tilkynningu og fjarlægð á milli kvíaþyrpinga á ólíkum eldissvæðum er styttri en gert var ráð fyrir.

Leyfi Laxa fyrir eldi á Vattarnesi var veitt í kjölfar álits Skipulagsstofnunar dags. 4. janúar 2019. Í matsskýrslu Laxa fiskeldi eru eldissvæði afmörkuð með innri reit, þar sem kvíar mega vera, og ytri reit, þar sem festingar mega vera. Samkvæmt korti af staðsetningu eldisbúnaðar við Vattarnes eru eldiskvíar nánast alfarið utan við innri reit og hluti festinga utan ytri reits. Þá gera rammafestingar ráð fyrir fleiri kvíum en gert var ráð fyrir í matsskýrslu Laxa. Framkvæmdin er því ekki í samræmi við þá framkvæmd sem undirgekkst mat á umhverfisáhrifum.

Það leiðir af þágildandi lögum nr. 106/2000 að tilhögun framkvæmdar skal vera í samræmi við þá framkvæmd sem hlaut málsmeðferð á grundvelli laganna. Starfsemi Laxa fiskeldis í Reyðarfirði hefur því ekki verið í samræmi við lög og er það ámælisvert.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmyndunar, mengunar, hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að lokum ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

### *Lífrænt álag*

Fyrirhuguð breyting felur ekki í sér aukningu á lífrænum úrgangi sem kemur til með að falla til botns í Reyðarfirði. Sameining 6.000 tonna leyfis og 10.000 tonna leyfis er þó til þess fallin að álag á tilteknum eldissvæðum aukist. Þá er stytting á lágmarkshvíldartíma einnig líkleg til að auka álag á botn undir eldissvæðum.

Að því sögðu ber að hafa í huga að útsetning seiða eftir hvíld svæðis kemur til með að ráðast eftir raunástandi botns. Þar af leiðandi mun framkvæmdaraðili ekki geta sett út seiði eftir 90 daga reynist ástand botns ekki hafa náð viðunandi ástandi eftir 90 daga.

Skipulagsstofnun telur að með vöktun og mögulegum viðbrögðum og inngrípum leyfisveitenda á grundvelli vöktunar verði unnt að takmarka neikvæð áhrif breytingar á botn og ástand sjávar í Reyðarfirði.

Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi þurfi að vera skýr ákvæði um heimildir leyfisveitanda til að bregðast við reynist umhverfisástand ófullnægjandi auk þess að sett verði skilyrði um eftirfarandi í starfsleyfi:

1. Vöktun verði á súrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó og að tilhögun og nákvæmni þeirrar vöktunar sé í samræmi við það sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægjandi.



2. Að vöktun á næringarefnum fari fram þegar styrkur þeirra er hvað mestur.
3. Að vöktunaráætlun liggi fyrir áður en leyfi verði veitt.
4. Skýr viðmið um ástand botndýralífs og að tilgreindar verði mótvægisáðgerðir reynist ástand ekki ásættanlegt.
5. Að ekki sé hægt að hefja eldi á ný fyrr en botndýralíf á svæðinu hefur náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum samþykktum af Umhverfisstofnun. Leiði vöktun í ljós að ástand botns vegna yfirstandandi eldis sé ekki ásættanlegt skal draga úr framleiðslu á viðkomandi svæði eða lengja hvíldartíma.

### *Siglingar*

Töluverð umferð skipa er í Reyðarfirði en í firðinum eru Mjóeyrarhöfn, sem er ein stærsta vöruflutningahöfn landsins, Eskifjarðarhöfn, sem er ein aflamesta höfn landsins, auk Reyðarfjarðarhafnar. Í umsögnum Landhelgisgæslunnar og Vegagerðarinnar kom fram að áformaðar breytingar á eldissvæðum, eins og þeim var lýst í greinargerð Laxa fiskeldis, kæmu til með að liggja innan öruggra siglingaleiða um Reyðarfjörð sem afmarkaðar eru með hvítum ljósgeisla. Sjófarendur þurfa að geta treyst á að hægt sé að sigla hindranalaust innan slíkra svæða og því mikilvægt að þau séu laus við búnað sem hindrað getur siglingar.

Laxar fiskeldi hafa vísað til þess að þar sem eldisbúnaður sé nú þegar staðsettur utan eldissvæða þá komi breytt afmörkun ekki til með að hafa áhrif á siglingar. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að núverandi staðsetning kvía er ekki í samræmi við þær framkvæmdir sem hlutu meðferð á grundvelli þágildandi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þá er ekki hægt að fullyrða að núverandi staðsetning hafi ekki haft áhrif á siglingar þó svo engir árekstrar hafi átt sér stað. Þá verður einnig að hafa í huga að stækkun eldissvæðanna samkvæmt greinargerð Laxa myndi heimila að færa eldiskvíar ennþá utar en þær eru staðsettar í dag.

Við meðferð málsins lögðu Laxar fram tillögu um að í leyfum yrði sérstaklega skilgreint svæði þar sem heimilt væri að vera með búnað á yfirborði ásamt svæði þar sem eingöngu væri heimilt að vera með búnað neðansjár.

Að mati Skipulagsstofnunar, eftir samráð við Landhelgisgæsluna, er unnt að tryggja að breytt afmörkun eldissvæða komi ekki til með að ógna öryggi siglinga um Reyðarfjörð ef leyfi kveða sérstaklega á um það svæði sem heimilt er að hafa búnað á yfirborði auk lágmarksdýptar festinga og tóga.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í leyfum verði skýr ákvæði um eftirfarandi:

1. Jaðar sjókvíaeldisstöðvar skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m.
2. Botnfestingar (ankeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

### *Áhrif á villta laxa með tilliti til erfðablöndunar*

Ekki er um að ræða breytingu á magni frjórna laxa í eldi en magnið er í samræmi við áhættumat Hafrannsóknastofnunar. Eftir breytingu verður heimiluð stærð seiða í samræmi við lágmarksstærð seiða í áhættumatinu. Engu að síður er fyrirhuguð breyting á lágmarksstærð seiða og stytting hvíldartíma til þess fallin að auka líkur á að eldisfiskur sleppi og leiti í ár, sbr. umsögn Hafrannsóknastofnunar. Skipulagsstofnun undirstrikar því mikilvægi þess að stærð seiða sé þekkt við útsetningu og að stærð möskva hæfi stærð seiða. Jafnframt er æskilegt að Laxar fiskeldi virði fyrirheit um að setja almennt út 200 g seiði og að útsetning 60 g seiða eigi sér eingöngu stað við sérstakar aðstæður.





### *Sjúkdómar og laxalús*

Meinvirkt afbrigði ISA-veirunnar sem veldur sjúkdómnum blóðþorra hefur greinst á þremur eldissvæðum í Reyðarfirði á síðastliðnum mánuðum. Samkvæmt upplýsingum á vef Matvælastofnunar er sjúkdómurinn skaðlaus mönnum og hefur hvergi greinst í villtum laxi.

Í umsögn Matvælastofnunar var bent á að endurskoða þyrfti útsetningaráætlun og sjókvíaeldissvæði vegna smitsjúkdómavarna vegna breyttra áforma. Laxar fiskeldi hafa í kjölfarið lagt fram nýja útsetningaráætlun sem tekur mið af ábendingum Matvælastofnunar. Í ljósi umsagnar Matvælastofnunar, uppfærðar útsetningaráætlunar og heimildar Matvælastofnunar til að gera kröfu um aukinn hvíldartíma ef þörf er á, sbr. 46. gr. reglugerðar um fiskeldi, telur Skipulagsstofnun að áformuð breyting komi ekki til með að auka álag á villta fiska með tilliti til sjúkdóma og laxalúsar.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd er ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. júlí 2022.

Reykjavík, 31. maí 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir